



ÁRSSKÝRSLA 2022

Tækniminjasafn Austurlands

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Jónína Brynjólfsdóttir

INNIHALD

Inngangur.....	4
Stefnumótunarvinna.....	5
Safnkostur – varðveisla, skráning, grisjun	6
Samstarf Þjóðminjasafns og Tækniminjasafnsins um grisjun.....	6
Ritsímasýningin tekin niður.....	7
Grisjunarhandbók og hringrásarhagkerfið.....	7
Forvörslunemar frá Lincoln University.....	8
Sýningar og miðlun.....	9
Maður og náttúra.....	9
1. Vörður.....	9
2. Þá og nú – gallerí.....	10
3. Búðareyrin – saga umbreytinga.....	10
Verði ljós.....	11
Viðburðir.....	12
Sólarpönnukökuuppskrift á gafli Vélsmiðjunnar.....	12
Alþjóðlegi safnadagurinn – kaffisamsæti.....	12
Smiðjuhátíð.....	13
Dagar myrkurs.....	13
Stafrænir miðlar.....	14
Samstarf, fundir, ráðstefnur.....	15
Farskóli safnamanna.....	15
LIVIND verkefnið.....	16
Námskeið í myndatöku og vinnslu á því viðum myndum.....	16
Reykjavíkurfærð austfirskis safnafólks.....	17
Prentverk Seyðisfjarðar.....	18
Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands.....	19
Bifröst – menningarstjórnun.....	19
Rekstur og fjármál.....	19
Starfsmannamál.....	20

Störf stjórnar	20
Fjármál.....	21
Húsnæðismál	22
Vélsmiðjan	22
Varðveisluhúsnæði.....	23
Nýtt safnasvæði.....	24
Lokaorð.....	26

INNGANGUR


Árið 2022 var ólíkt öðrum árum í starfi safnsins, sem mörkuðust að miklu leyti af verkefnum sem til urðu vegna skriðufallanna í desember 2020. Þó er ljóst að starfið einkenndist ekki, eins og árið á undan, af krísustjórnun, næstum dag frá degi, þó að sum verkefni er tengjast uppbyggingu safnsins hafi sum tekið óvænta u-beygju.

Mikilvægt var að fá tryggan rekstrarstuðning til móts við verkefnastyrki svo hægt væri að byrja metnaðarfulla vinnu við björgun safnkostsins og grisjun hans, sem óhætt er að segja að hafi skilað safninu á þann stað að hægt sé að fara í annan fasa verkefnisins sem snýr að grunnskráningu og bættara skipulagi á munum safnsins.

Stefnumótunarvinna og önnur verkefni hafa leitt til þess að æ skýrari mynd af framtíð og möguleikum safnsins hefur teiknast upp. Náttúran hélt þó áfram að taka völdin í sínar hendur og í miklu hvassviðri í septemberbyrjun féll bryggjuhúsið Angró saman. Stefnt hafði verið að því að flytja það á nýja lóð inn á Lónsleiru og safnið fengi húsið til sinnar starfsemi. Þessi atburður varð þó mögulega til þess að ýta því verkefni frammar í forgangsröð og standa vonir til þess að hægt verði að hefja uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir safnið á Lónsleirunni á árinu 2023.

Viðgerðir og endurbætur á Vjelasmíðju Jóhanns Hanssonar hafa gengið samkvæmt áætlun og eru það vonir okkar að þar muni safnið geta hýst hluta af sinni starfsemi og opnað metnaðarfulla sýningu þar fyrir gestum á vordögum 2023.

Það er ómetanlegt að finna þann stuðning sem safnið nýtur í hvívetna og er það starfsfólki styrkur í starfi og hvatning til að finna allar leiðir til að koma safninu á þann stað að geta opnað fyrir gesti á ný. Hér verður farið yfir helstu verkefni safnsins á árinu 2022.



STEFNUMÓTUNARVINNA



Áfram var haldið með og lokið við vinnu um nýja stefnu Tækniminjasafnsins. Í upphafi árs var söfnunarstefna að mestu tilbúin og komið var að því að rýna og koma á blað stefnu um miðlun sem og innra starf safnsins. Þá voru fyrstu drög að þarfagreiningu um framtíðarhúsnæði safnsins til skoðunar. Ný Varðveislu- og grisjunarstefna safnsins var samþykkt og staðfest á fundi Safnaráðs þann 24. febrúar 2022.

Áfram var það vinnuhópurinn, þau Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafninu, Elsa Guðný Björgvinsdóttir á Minjasafni Austurlands, Vilhjálmur Jónsson fulltrúi Múlapings og Tinna Halldórsdóttir frá Austurbrú auk Skúla Vignissonar formanns stjórnar Tækniminjasafnsins og Jónína Brynjólfssdóttir, undir verkstjórn Elfu Hlínar, sem hafði veg og vanda að vinnunni. Hins vegar voru aðrir fengnir að borðinu til ráðgjafar, innblástur og samtals á árinu:

- Í janúar 2022 hélt safnið rafrænna vinnustofu þar sem þau Bergur Ebbi framtíðarfræðingur, Katrín Ólína hönnuður og Sigrún Kristjánsdóttir safnafræðingur komu með erindi sem tengdust framtíðarmiðlun safnsins, hvert á sinn hátt. Fjöldi manns hlustaði á og tók þátt í umræðum á eftir.
- Þann 10. febrúar kynnti Anita Elefsen starfsemi Síldarminjasafnsins á Siglufirði og uppbygginu þess fyrir vinnuhópnum.
- Á alþjóðlega safnadaginn, 18. maí 2022, blés safnið til fjölmenns kaffisamsætis á Hótel Öldu þar sem stefnudrögin og framtíðaráætlanir safnsins voru kynntar fyrir Seyðfirðingum við góðar undirtökur.

Vinnuhópurinn fundaði nokkuð þétt fram á vordaga og lagði þá fram drög að nýrri stefnu til umfjöllunar hjá stjórn í byrjun júní sem komu fram með mikilvægar athugasemdir. Í nóvember

var síðan smíðshöggíð rekið og ný stefna Tækniminjasafns Austurlands samþykkt og tekin í notkun.

SAFNKOSTUR – VARÐVEISLA, SKRÁNING, GRISJUN



Í upphafi árs og fram í apríl var áfram unnið að því að tryggja aðstæður safnkostsins sem færður hafði verið í bráðabirgðaleiguhúsnæðið út á Strönd eftir fyrstu yfirferð á honum eftir skriðuföllin. Önnur umferð af grisjun hófst einnig undir góðri leiðsögn Lilju Árnadóttur frá Þjóðminjasafninu sem kom tvisvar austur á þessum tíma.

Til verksins voru fengnir þeir starfsmenn sem unnið hafa að grisjun muna frá því að aurskriður féllu. Mikill metnaður var settur í verkefnið fyrri hluta ársins og fór ómæld vinna í skipulag við grisjun, vinnu við grisjunaráætlun og uppvinnslustefnu samin og samþykkt. Þegar uppi var staðið hafði vinnan á fyrri hluta ársins skilað okkur því að hægt er að nýta komandi vetur til grunnskráningar og flutnings á safnkosti.



Samstarf Þjóðminjasafns og Tækniminjasafnsins um grisjun

Afar gott samstarf hefur verið milli safnsins og Þjóðminjasafns Íslands þá sérstaklega hvað varðar aðstoð og leiðbeiningar varðandi grisjun safnkosts. Lilja Árnadóttir hefur reynt starfsmönnum gríðarlega verðmæt og óhætt að segja að mikill gangur hafi verið í grisjun safnmuna. Farið var yfir eftirfarandi söfnunarflokka á árinu:

Vélsmiðja Jóhanns Hanssonar, gripir úr flokki þess sem hægt er að skila aftur til samfélagsins, efni í skriðsýningu, munir af sjúkrahúsi Seyðisfjarðar og fleira.

Framundan er grunnskráning og hefur safnið nú hafið undirbúning að þeirri vinnu sem áætluð er að vera unnin nú í vetur, 2022-3.

Ritsímasýningin tekin niður



Ljóst hafði verið að ekki væri forsvaranlegt að geyma merkar menningarminjar lengur á Búðareyrinni og átti það einnig við um þá gripi sem til sýnis voru á sýningunni um komu ritsímans til Íslands á efri hæðinni á Hafnargötu 44/Gömlu símstöðinni. Þeim gripum var pakkað niður í lok janúar og komið fyrir í hluta af Meyjarskemmuni að Öldugötu. Rými var leigt af eiganda þess húss undir gripina. Um neyðarráðstöfun var að ræða, húsnæðið uppfyllir á engan hátt skilyrði til varðveislu en það er hins vegar ekki á hættusvæði

ofanflóða.

Á fyrrnefndri sýningu voru einnig ljósmyndataeki sem Eyjólfur Jónsson ljósmyndari og starfsfólk hans hafði notað. Sum þeirra höfðu verið fengin að láni frá Minjasafni Austurlands en önnur tilheyra Tækniminjasafninu. Var tekin sú ákvörðun, í samstarfi við Elsu Guðnýju, safnstjóra Minjasafnsins, að flytja þessa gripi upp á Egilsstaði og varðveita þá þar uns aðstæður skapast til að sýna þá aftur.

Grisjunarhandbók og hringrásarhagkerfið


Ertu nemandi á framhaldsstigi við Háskóla Íslands og vantar spennandi vinnu í sumar? Námsbraut í safnafræði við HÍ, Tækniminjasafn Austurlands og Þjóðminjasafn Íslands leita eftir 2 nemendum til að vinna að verkefni sem er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnið snýst um að búa til nýja þekkingu á sviði uppvinnslu við grisjun menningarminja og hagnýtingu hennar. Afurðir verkefnisins munu nýtast söfnum og menningararfsstofnunum hér á landi og erlendis.

Svona hljóðaði auglýsing sem beint var að háskólanemum á vormánuðum 2022 og kallinu svöruðu safnafræðinemarnir Francesca Stoppani og Katie Teeter. Afrakstur verkefninu var tvíþættur, annars vegar grisjunarhandbók sem gæti nýst íslenskum söfnum og hins vegar ítarleg lokaskýrsla þar sem farið var enn frekar í saumana á fræðilegri hlið bæði grisjunarmála og hringrásarhagkerfinu.

Nýsköpunarvinkill verkefnisins fólst í því að líta á grisjaða safngripi sem auðlind sem ekki væri forsvaranlegt að farga umhugsunarlaust, ef hægt væri að hafa not fyrir þá annars staðar. Handbókina og skýrsluna mun verða hægt að nálgast á heimasíðu safnsins www.tekmus.is

Forvörslunemar frá Lincoln University

Forvörðurinn og framkvæmdastýra Reykjavík Tool Library, Anna de Matos, setti sig í samband við safnið í ársbyrjun 2021 og bauð fram aðstoð í kjölfar skriðufallanna. Í óreiðunni og krísuástandinu sem einkenni það ár var ekki unnt að þiggja aðstoð hennar en í stað þess varð úr að hún, í samstarfi við fyrrum leiðbeinanda sinn við Lincoln University í Bretlandi, skipulagði ferð átta forvörslunema til Íslands í ágúst 2022.



Þau Davyd Williams, Dominic Oakes, Emma Callaghan, Isabel Lewis, Izzy Rees, Jamie Rees, Nellie-Mae Morgan og Sam dvöldu á Seyðisfirði í fimm vikur og unnu að ýmsum verkefnum. Þau ástandsmátu og unnu að fyrirbyggjandi forvörslu á hluta safnkostsins sem hýstur var í Meyjarskemmuni að Öldugötu, þar á meðal ritsímatækjum og hönnuðu og notuðust við bæði eyðublað fyrir ástands- og forvörsluskýrslu og skráningarkerfi. Seinni hluti verkefnisins tengdist kafarbúningi og hlutum honum tengdum sem notaður var við neðansjávar viðgerðir á bátum hjá Vélsmiðju Seyðisfjarðar á síðari hluta 20. aldarinnar. Gert var ítarlegt ástandsmat



og áætlun um forvörslu sem vonandi verður hægt að hefja á næsta ári, þar sem búningurinn er í viðkvæmu ástandi sem kallar á aðgerðir. Verkefnið var allt vel skrásett og til urðu greinar, blogg og skýrslur um einstaka hluta þess.

Framlag þeirra var safninu afar dýrmætt og erum við Önnu de Matos sérstaklega þáttlát fyrir að leiða þetta verkefni og gefa til þess tíma sinn og orku.

SÝNINGAR OG MIÐLUN

Maður og náttúra

Þrátt fyrir ærin verkefni er tengdust björgun safnkostsins og endurreisn safnsins þá þótti einnig mikilvægt að safnið væri, á meðan á endurreisn stæði, sýnilegt út á við og með virka miðlun. Hér kemur fyrsta lýsing á miðlunarverkefninu, tekin úr umsókn til Uppbyggingarsjóðs Austurlands:

Búseta í skjóli hárra og brattrra fjalla hefur kosti og galla í för með sér. Allajafna skýla fjöllin og skapa friðsæla umgjörð um líf dýra og manna en þau geta líka breytt um ham og úr þeim fallið skriður sem ógna lífi og daglegum athöfnum íbúanna. Á Seyðisfirði hefur það gerst oft í aldanna rás, nú síðast í desember 2020. Tækniminjasafnið setur upp sýningu um þessa sögu í samstarfi við heimafólk, sem ætlað er að vera hluti af úrvinnslu samfélagsins en um leið fjölsóttur áningarstaður ferðamanna.

ÞRJÁR MEGINÁSTÆÐUR ERU FYRIR VERKEFNINU:

1. Sýningunni er ætlað að vera hluti af úrvinnslu samfélagsins eftir skriðurnar í desember. Því er fyrirhugað að vinna að þessu verkefni í samvinnu við íbúa Seyðisfjarðar og af nauðsynlegri nærgætni.


2. Gestir bæjarins, innlendir sem erlendir ferðamenn, kalla eftir fræðslu og upplýsingum um skriðuföllin, orsakir þeirra sem og áhrif á byggðina, einstaklinga og atvinnulíf. Gera má ráð fyrir að sýningin verði fjölsótt og mikilvæg viðbót í gróskumikla ferðaþjónustu á Seyðisfirði. Ætlunin er að kynna hana og selja farþegum skemmtiferðaskipa sem heimsækja Seyðisfjörð í þúsundatali hvert sumar.

3. Tækniminjasafnið, sem nú stendur uppi húsnæðislaust og ekki með neina miðlunarstarfsemi, hyggst með því að setja upp þessa sýningu vera með sýnilega og áhugaverða ytri starfsemi á meðan að unnið er að endurreisn þess og enduopnun.

Fljótlega tók verkefnið nokkrum breytingum, enda frekar ómótað við umsóknaskrif og skiptist upp í þrjá hluta, vörður, gallerí og sýningu í Vélsmiðjunni.

1. VÖRÐUR

Framleiddar voru, í samstarfi við Irma Studio, fjórar „vörður“ sem verða staðsettar á vissum stöðum í Seyðisfirði og munu segja vísu sögu hver um sig, er tengjast skriðuföllum en um leið daglegu lífi á Seyðisfirði. Framleiðsla þeirra tók lengri tíma en áætlað var, m.a. vegna skorts á hráefnum. Þegar þær loks komu á Seyðisfjörð urðu þær fyrir skemmdum af völdum mikils hvassviðris sem gekk þar yfir í lok september en þegar



safnið fær afhent nýtt varðveisluhúsnæði munu starfsmenn safnsins klára viðgerðir á þeim og verða þær tilbúnar og uppsettar fyrir ferðamannatímabilið á næsta ári.

2. ÞÁ OG NÚ - GALLERÍ




Annar hluti verkefnisins var gerð útigallerís sem fékk heitið ÞÁ&NÚ sem staðsett er á Lónsleirunni, á fyrirhuguðu framtíðarsvæði safnsins. Dansk-seyðfirski málmsmiðurinn Søren Bjørnshave Taul hannaði og smíðaði strúktúrana af mikilli snilld. Efni þeirra og gerð vísar til ríkrar sögu járnsmíði á Seyðisfirði sem jafnframt hefur verið eitt af helstu viðfangsefnum Tækniminjasafnsins til þessa.

Fyrsta sýning í gallerínu opnaði á Smiðjuhátiðinni. Um er að ræða ljósmyndasýningu sem ber nafnið *The Landslide Project* og er samstarfsverkefni safnsins og Ströndin Studio. Hún segir persónulegar sögur fólks sem varð fyrir margvíslegum áhrifum af skriðuföllunum 2020. Ljósmyndirnar tóku þau Katja Goljat og Matjaž Ružt.

3. BÚÐAREYRIN – SAGA UMBREYTINGA

Í og við Vélsmiðjuna er fyrirhugað að opna þriðja hluta verkefnisins sem mun fjalla um sögu Búðareyrarinnar út frá hugmyndinni um umbreytingar, umbreytingu efnis, náttúru, byggðar, samfélags og loftslags. Myndlistarmennirnir/hönnuðirnir Litten Nyström og Haraldur Karlsson hanna sýninguna í samstarfi við starfsfólk safnsins. Áætlað er að sýningin opni ekki síðar en vorið 2023.

Verði ljós



Tæknimínjasafn Austurlands tók þetta árið í fyrsta sinn þátt í listahátíðinni List í ljósi með verkinu „Verði ljós“. Um verkið sagði svo í kynningartexta hátíðarinnar:

[Safnið] hefur í starfi sínu sagt hluta af sögu Íslands út frá tæknivæðingu landsins frá um 1880 til um 1950, þar sem fjallað hefur m.a. verið um þróun í vélsmíði, rafmagni og fjarskiptum og hvernig það tengdist breytingum á daglegu lífi á Seyðisfirði og víðar.

Sérstaða safnsins hefur verið áhersla þess á að miðla óáþreifanlegum menningararfi og verkþekkingu í gegnum beina þátttöku safngesta á smiðjum, námskeiðum, í safnfræðslu og við almenna safnaheimsókn.

Þetta verk fjallar um hvernig nýtanlegt rafmagn verður til í sinni einföldustu mynd.

Orkan í vatninu er beisluð með túrbínu sem knýr rafal sem breytir henni í rafstraum sem tendrar ljós.

VIÐBURÐIR

Eðlilega var starfsemi safnsins með öðru sniði en áður en starfsfólk taldi það hins vegar mjög mikilvægt að tryggja að hún legðist ekki algerlega af og safnið væri áfram virkur hluti af menningarlífinu á Seyðisfirði.

Sólarpönnukökuuppskrift á gafli Vélsmiðjunnar

Sólarkomu á Seyðisfirði er alla jafna fagnað í kringum 18. febrúar ár hvert, eftir fjarveru hennar í um fjóra mánuði. Pönnukökuuppskrift úr matreiðslubók Helgu Sigurðardóttur var að þessu sinni varpað upp á gafli Vélsmiðjunnar auk þess sem starfsfólk safnsins gæddi sér á ljúffengum pönnsum eins og fleiri á Seyðisfirði þennan dag.



Alþjóðlegi safnadagurinn – kaffisamsæti



Eins og áður segir þá bauð safnið til kaffisamsætis upp á gamla mátann þann 18. maí, alþjóðlega safnadaginn. Þar voru kynnt framtíðaráform safnsins og drög að nýrri stefnu. Nemendur frá Tónlistarskólanum á Egilsstöðum fluttu ljúfa tóna og þá kynnti arkitekt safnsins, Gunnlaugur Björn Jónsson, hugmyndir um uppbyggingu safnsins á lóðum við Lónsleiru.

Mæting fór fram úr björtustu vonum, hátt í 100 manns mættu, sem starfsfólk taldi til marks um vilja Seyðfirðinga, velvid og áhuga á framtíð og uppbyggingu safnsins.

Svo vel tókst til að stefnt er að því að gera þetta að árlegum viðburði.

Smiðjuhátíð



Að vanda var blásið til Smiðjuhátíðar í þriðju viku júlímánaðar, dagana 22. og 23. júlí, þó að vegna aðstæðna, væri hún ekki með hefðbundnu sniði.

Á föstudeginum var útigalleríið þá&nÚ vígt við hátíðlega athöfn og opnun á ljósmyndasýningunni The Landslide Project.

Á laugardeginum var boðið upp á tvær smiðjur. Annars vegar í Ströndin Studio þar sem þátttakendur lærðu að nota stórsniða belg-ljósmyndvélur (large format camera) til að taka andlitsmyndir, sem og gera tilraunir með annað myndefni, og framkalla þær á málmplötur. Kennarar voru þau Jessica Auer og Zuhaitz Akizu og var námskeiðið fyrir 16 ára og eldri.

Hins vegar var prentvinnustofa í nýju prentverkstæði þar sem áhersla var lögð á tréskurð, línóskurð og ætingu undir leiðsögn þeirra Lasse Høgenhof og Linus Lohmann. Þetta námskeið var einnig fyrir 16 ára og eldri.

Um kvöldið var skemmtun í Herðubreið þar sem boðið upp á kótilettur í raspi og hefðbundið meðlæti (sem og veganrétt) þar sem tónlistarmaðurinn Jón Hilmar hélt uppi stemmningu yfir matnum. Að honum loknum voru heiðurshjónin og tónlistarmennirnir Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson með flotta og vel sótta tónleika.

Dagar myrkurs

Hinn árlega Afturganga var haldin þann 4. nóvember. Göngufólk safnaðist saman við Vjelasmíðju Jóhanns Hanssonar sem var í fyrsta sinn opin almenningi eftir endurbætur. Nemendur Seyðisfjarðarskóla sýndu verk sitt, *Draugasögur*, sem þau höfðu unnið í myndlistartímum af tilefni Daga myrkurs. Marek Ari Baeumer, nemandi við skólann, flutti lag á rafmagnsgítar




fyrir gesti og síðan var gengið af stað í myrkvuðum bænum inn að Hótel Öldu þar sem göngufólki bauðst að kaupa sér heitt kakó og bakkelsi með.

Aðsókn var mjög góð, um 100 manns mættu, en um skemmtilegan viðburð er að ræða sem hefur fest sig í sessi í menningarlífi bæjarbúa, ekki síst yngri íbúanna.

Stafrænir miðlar



FRÉTTIR SÝNINGAR SKRÍÐAN UM SAFNIÐ  



Mikil rækt var lögð við samfélagsmiðla safnsins, facebook síðuna og instagram reikninginn, á árinu. Rafræn miðlun er ekki aðeins hugsuð sem markaðstæki heldur er um að ræða mikilvægt rými safnsins til miðlunar á safnastarfinu.

Ný heimasíða fór í loftið í sumarlok, www.tekmus.is en Sigrún Júnía Magnúsdóttir hafði veg og vanda að gerð hennar í samstarfi við starfskonur safnsins. Eðlilega má alltaf bæta við síðuna en lögð er áhersla á að rafrænar sýningar verði aðgengilegar þar, auk fréttu úr safnastarfi og almennum upplýsingum um safnið. Einnig er á síðunni sérflípi helgaður skriðunni og afleiðingum hennar.

SAMSTARF, FUNDIR, RÁÐSTEFNUR

Safnastarf fer ekki fram í tómarúmi og samskipti og samtal við aðra, innan safnageirans og víðar, er mjög mikilvægt og gefandi.

Farskóli safnamanna

Í september var hinn árlegi Farskóli safnamanna haldinn, að þessu sinni á Austurlandi. Í farskólastjórn voru þau Elsa Guðný Björgvinsdóttir frá Minjasafni Austurlands, Pétur Sörensson frá Safnastofnun Fjarðabyggðar og safnstýrurnar Jónína og Elfa, sú fyrrnefnda þó sýnu meira. Það er alltaf töluverð vinna að skipuleggja svo stóra ráðstefnu sem farskólinn er og í mörg horn að líta, bæði varðandi efni og innihald, praktísk atriði s.s. gistingu, ferðir og mat, samskipti við fyrirlesara og aðra og að halda utan um skráningarmál svo fátt eitt sé nefnt.



Það er mikill fengur fyrir austfirskt safnalíf og -fólk að fá kollegana af öllu landinu austur á nokkurra ára fresti og ekki er ofsögum sagt að vel tókst til í alla staði. Einn hluti af dagskrá farskólans var vettvangsferð á Seyðisfjörð þar sem þeim voru sýndar bráðabirgðageymslurnar í stóru skemmuni út á Strönd, sýningin á Lónsleirunni var skoðuð, komið var við í Skaftfelli og móttaka í Vjelasmiðjunni þar sem sagt var frá því helsta sem gert hefur verið frá Skriðuföllum. Fyrrum safnstjóri, Pétur Kristjánsson, hitti hópinn þar og sagði frá sögu Vjelasmiðjunnar. Að lokum var farið á uppgraftrarsvæðið í Firði þar sem

fornleifafræðingurinn Sigurður Snæbjörn Stefánsson fræddi gesti um uppgröftinn og helstu niðurstöður og uppgötvanir hans.

LIVIND verkefnið

Eins og greint var frá í ársskýrslu safnsins árið 2021 tekur Tæknimínjasafnið þátt í fjölþjóðlegu verkefni sem kallast LIVIND og er stýrt er frá Finnlandi með þátttakendum frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum og Póllandi. Þar sem hinir ýmsu fletir á lifandi menningararfi og samspili hans við sjálfbærni eru skoðaðir.

Miðvikudaginn 25. maí var á vegum verkefnisins blásið til rafræns málþings um lifandi menningararf og vistfræðilega sjálfbærni þar sem Elfa Hlín flutti erindið "The landslide took the museum!" Impacts and aftermath for a living museum." Hún velti m.a. upp þeim áskorunum sem safnið stendur nú frammi fyrir við að vinna áfram með verkþekkingu og óáþreifanlegan menningararf.



Í byrjun júní fóru þær Katla Rut og Elfa Hlín til Helsinki á vinnustofu þar sem kafað var enn dýpra ofan í hugtökin og sambandið milli sjálfbærni og óáþreifanlegs menningararfs, staðan á verkefninu tekin og næstu skref ákveðin.

Eitt af þeim verkefnum sem talað var um þar var að samstarfsaðilar hefðu milligöngu um svokölluð „pilot project“ þar sem stofnunum/fyrirtækjum/félögum í hverju landi fyrir sig væri gert kleift, með fjárstuðningi úr verkefninu, að skoða samspil óáþreifanlegs menningararfs og sjálfbærni út frá raunverulegum verkefnum. Tæknimínjasafnið hafði samband

við Skafffell, miðstöð myndlistar á Austurlandi og Lunga skólann sem í sameiningu sendu inn umsókn sem nú er beðið svara með.

Á slóðinni: <https://www.aineetonkulttuuriperinto.fi/en/livind> má finna frekari upplýsingar um LIVIND verkefnið.

Námskeið í myndatöku og vinnslu á þrívíðum myndum

Að frumkvæði Gunnarsstofnunar var haldið námskeið á Mínnjasafni Austurlands fyrir austfirskt safnafólk í júníbyrjun þar sem teknar voru og unnar þrívíðar myndar af safngripum sem nýta mætti í miðlun. Leiðbeinandi var Catherine Cassidy frá St. Andrews háskólanum í Skotlandi. Zuhaitz sótti námskeiðið fyrir hönd Tæknimínjasafnsins

Daginn eftir kom Catherine til okkar á Tækniminjasafnið og tók þrívíðar myndir af gömlum ritsímataækjum sem og safngripum sem að lentu í skriðunni, sem vonandi verður hægt að nýta í miðlun síðar meir.

Reykjavíkurferð austfirks safnafólks



Dagana 7. til 10. mars fóru starfsmenn frá Tækniminjasafninu, Minjasafni Austurlands og Safnastofnun Fjarðabyggðar í vísitásiu á suðvesturhornið þar sem söfn og sýningar voru heimsótt. Frá Tækniminjasafninu tóku þau Jónína, Elfa, Katla, Halli, Ívar og Zuhaitz þátt, þó mismikið væri þar sem covid-19 kom upp í hluta hópsins á þessum tíma.

Alls staðar tóku safnamenn og aðrir á móti hópnum af gestrisni og vinsemd sem vert er að þakka sérstaklega fyrir. Svona ferð er mjög mikilvæg og ótrúlega lærdómsrík auk þess sem hún styrkir dýrmætt tengslanet milli safnamanna.

Farið var víða, mánudagurinn var helgaður sýningum og sýningargerð. Byrjað var í Perlunni þar sem starfsfólk Náttúruvinnusafns Íslands hitti okkur og leiðsagði um sýninguna. Sérstaklega var rætt um tæknilausnir þar, kosti þeirra og galla. Eftir hádegið lá leiðin út á Granda þar sem starfsfólk Borgarsögusafns hitti okkur á Sjóminjasafninu þar sem við áttum gott spjall og skoðuðum grunnsýninguna. Þá var haldið í Aðalstræti, Landnámssýningin skoðuð og við

fengum innsýn inn í sýningarundirbúning vegna Aðalstrætis 10, en sýning þar opnaði nokkrum vikum seinna.

Þriðjudagsmorguninn var svo Árbæjarsafnið heimsótt í úrhellisrigningu. Eftir það áttum við góðan fund á Hönnunarsafni Íslands með starfsfólki þar og sundsýningin var einnig skoðuð. Eftir hádegi lá leiðin upp á Akranesi þar sem ný grunnsýning Byggðasafnsins Görðum var skoðuð ásamt vélsmiðju og öðrum húsakosti þar.

Á miðvikudeginum lá leiðin austur fyrir fjall en fyrsta stopp var á Jarðhitasýningunni í Hellisheiðarvirkjun. Þá var Byggðasafn Árnesinga næsti viðkomustaður þar sem nýtt varðveisluhúsnæði þess var skoðað.



Á fimmtudeginum var fundur með hönnunar- og margmiðlunarfyrtækinu Gagarín sem hefur komið að gerð fjölmargra sýninga á íslenskum söfnum, sem og víðar, á síðustu árum. Að því loknu var haldið suður í Hafnarfjörð þar sem ný varðveislumiðstöð Þjóðminjasafnsins var skoðuð. Síðast á dagskránni var heimsókn í sýningarhúsnæði Þjóðminjasafnsins á Suðurgötu.

Prentverk Seyðisfjarðar

Prentverkstæðið sem Tækniminjasafnið hafði hýst í móttökuhúsi safnsins gjöreyðilagðist í skriðunum og margar merkilegar prentvélar og tæki, sem m.a. höfðu verið í eigu listamannsins Dieter Roth, skemmdust. Það verkstæði hafði verið nýtt talsvert af Lungaskólanum og Skaftfelli. Nú hefur verið komið upp öðru prentverkstæði að Öldugötu 14 og um er að ræða samstarfsverki milli safnsins og fyrrnefndra menningarstofnana auk fleiri aðila. Styrkir hafa fengist úr Hvatasjóði Seyðisfjarðar til uppbyggingar verkstæðisins og nú í árslok 2022 er komið að því að koma verkstæðinu í fulla notkun og rekstur.



Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands

Jónína hélt á vormánuðum fyrirlestur fyrir safnafræðinema í námskeiðinu *Safn og samfélag, Sirkus dauðans?* þar sem hún fór yfir stöðu Tækniminasafnsins fyrir og eftir aurskriður. Gott samstarf og samband hefur myndast milli starfsfólks safnsins og kennara við námsbrautina sem er verðmætt og mikilvægt við uppbyggingu safnsins til framtíðar.

Bifröst - menningarstjórnun

Jónína hélt fyrirlestur fyrir nema í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst þann 5. nóvember þar sem sagt var frá stöðu safnsins og framtíð þess. Markmiðið með fyrirlestrinum var m.a. að freista þess að einn af nemunum fengi áhuga á að vinna með okkur að viðskiptaáætlun fyrir safnið á árinu 2023.

REKSTUR OG FJÁRMÁL

Þetta ár verður seint talið sem hefðbundið rekstrarár og var safnið með öllu háð framlagi frá ríki og sveitarfélagi til grunnreksturs og verður það áfram þar til hægt verður að opna safnið að nýju. Unnið er hörðum höndum og af miklum metnaði til að svo verði sem fyrst. Vonir standa til þess að geta opnað Vjelamiðjuna á næsta ári og þar með möguleikar á einhverjum tekjum en við setjum þó varnagla við að tryggja þarf áfram grunnreksturinn svo að hægt sé að enduroppna safnið því það verður ekki gert með neinu öðru en þúsund handtökum og góðum starfsmönnum.

Starfsmannamál



Sama starfsfólk vann hjá safninu og árið áður en þó urðu nokkrar breytingar á starfstítlum og starfshlutfalli sumra starfsmanna. Þann 1. febrúar tóku þær Elfa Hlín og Jónína saman tímabundið við starfi safnstjóra, Elfa Hlín í 40% og Jónína fyrst í 80% en frá 1. maí í 50% starfi. Zuhaitz Akizu starfaði áfram fyrir safnið en þó sem safnvörður frá febrúar mánuði. Katla Rut Pétursdóttir sinnti miðlun, fræðslu og öðru tilfallandi verkefnum í 100% starfi. Þeir Ívar Björnsson og Haraldur Björn Halldórsson unnu í tímavinnu í ársbyrjun og aftur í árslok við safnkostinn, framkvæmdir við húsakost og annað sem til féll.

Reglulega voru haldnir teymisfundir á árinu til að hafa yfirsýn yfir verkefni og verkaskiptingu innan starfsmannahópsins, sem er fyrirkomulag sem skilar markvissara starfi og stuðlar að góðum starfsanda.

Störf stjórnar

Heimastjórn Seyðisfjarðar, f.h. Múlapings, endurtilnefndi þá Skúla Vignisson (formann) og Bjarka Borgþórsson sem aðalmenn í stjórn safnsins og til vara þær Tinnu Guðmundsdóttur og Oddnýju Björk Daníelsdóttur. Fyrir hönd Afls starfsgreinafélags var áfram Ingirafn Steinarsson.

Haldnir voru 10 fundir á árinu auk aðalfundar þann 30. nóvember 2022.

Fjármál

Á árinu fengust til rekstrar um 25 milljónir sem skiptust þannig að eftir beiðni til fjárlaganefndar fengust á fjárlögum 15 milljónir króna og tæpar 10 milljónir frá Múlaþingi. Styrkjafé var stíft sótt og fengust eftirfarandi styrkir á árinu, alls tæplega 43 milljónir sem nýttir voru til að standa straum af þeim verkefnum sem þeir voru eyrnamerkir fyrir:

- Safnasjóður, öndvegisstyrkur til tveggja ára, fimm milljónir á hvoru ári, fyrir heildarúttekt, grisjun og skráningu safnkosts.
- Safnasjóður, verkefnisstyrkur til að ljúka stefnumótunarvinnu, 1,5 milljón.
- Þá fengust í aukaúthlutun safnasjóðs árið 2021 (sem nýtt var á árinu 2022) styrkir fyrir nýrri heimasíðu og safnaheimsókn starfsfólk á suðvesturhornið sem hluti af uppbyggingarfasa Tækniminjasafnsins. Hvor styrkur var 300 þúsund krónur.
- Uppbyggingarsjóður Austurlands veitti tvo styrkir að upphæð 1,5 milljón hvor, fyrir annars vegar heildarúttekt, grisjun og skráningu safnskosts og hins vegar sýningu um ofanflóð á Seyðisfirði. Einnig fékk safnið 800 þúsund króna styrk til að halda Smiðjuhátíðina.
- Hvatasjóður Seyðisfjarðar styrkti safnið um 3 milljónir til hönnunar nýs safnasvæðis og um 1,1 milljón til uppsetningar sýningar.
- Húsafríðunarsjóður styrkti endurbætur á Vjelasmiðjunni um 1,3 milljón sem nýtt var til að greiða fyrir nýja glugga.
- Múlaþing úthlutar menningarstyrkum og í fyrri úthlutun fékk safnið 300 þúsund krónur til að vinna listaverk sem safnið gerði fyrir listahátíðina List í ljósi í febrúar.
- Í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fékk safnið einnig 19 milljóna styrk til hönnunar nýs safnasvæðis sem flytjast að mestu yfir á næsta ár í ljósi breytinga á húsnæðismálum eftir að Angró féll saman.

Mikilvægt er að benda á að þó að tekjuflæðið hafi verið meira en oft áður á safninu þá á það sama við um gjaldahliðina, eftirköst þess að safn lendi í hamfaraskriðu eru kostnaðarsöm og öll uppbygging í kjölfarið jafnframt.

Safnið þarf hendur til uppbyggingar, með öðru móti er ekki hægt að opna að nýju.

HÚSNÆÐISMÁL



Vélsmiðjan

Á árinu var ákveðið að ráðast í endurbætur á Vjelasmiðjunni sem hafði farið illa í aurskriðunni. Fyrst eftir að skriðan féll voru örlög hússins óráðin. Náttúruhamfaratryggingar Íslands dæmdu altjón á húsið, sem vanalega þýðir að rífa þurfi rústir viðkomandi húss. Þó náðist samkomulag, með fulltingi Minjastofnunar Íslands og fleiri aðila, að það yrði ekki gert og þeir fjármunir sem eyrnamerkur væri alla jafna í niðurrif skyldu greiddir til safnsins og nýttir til að tryggja öryggi þess. Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði fyrir nýjum gluggum í hluta hússins, steypur var nýr gáfl í sárið sem varð eftir að elsti hluti hússins var rifinn, steypur var í gólf að innan, húsið þétt eftir föngum, nýtt rafmagn lagt að hluta, salerni innréttað og tvær varmadælar settar upp, svo eitthvað sé nefnt.

Nauðsynlegt er að dreina suðurhlíð hússins, sem snýr að fjallshlíðinni, en þegar þetta er skrifað hafa verktakar enn ekki ráðist í verkið þrátt fyrir vilýrði um annað. Einnig er eftir að fjarlægja brotajárn fyrir ofan húsið og ráðast í viðgerðir á ytri byrði hússins og mála það. Þá er

nauðsynlegt að skipta um járn á þaki og ganga frá þannig að strompurinn verði tryggur og hægt verði að nýta hann með eldsmiðjunni sem enn stendur inni í húsinu.

Fyrst eftir skriðuföllin var ekki vilji til þess að safnið ætti húsið áfram, en með þessum endurbótum koma þeir miklu möguleikar í ljós sem húsið vissulega býr yfir. Það er vissulega enn á hættusvæði sem ekki er unnt að verja og þar af leiðandi munu skráðir safngripir ekki verða til sýnis í húsinu. Þau áform sem nú eru uppi um notkun hússins eru að þar verði sýningin *Umbreytingar* eins og áður hefur verið greint frá en rýmið verði þó hægt að nýta fyrir margs konar dagskrá og viðburði þess að auki. Á efri hæð er fyrirhugað að rífa niður vegg og koma upp fjölnotarými og verkstæðisaðstöðu sem mun nýtast í fræðslustarfi í víðum skilningi.



Varðveisluhúsnæði

Safninu bauðst húsnæði til leigu í kjölfar skriðufalla sem reynist safninu verðmætt en var þó alltaf vitað að það væri bráðabirgðahúsnæði enda um að ræða kalda geymslu í opnu rými sem aðrir hafa aðgang að og því gæti hluti safnkostsins ekki verið þar til langs tíma. Þar var heldur ekki rennandi vatn né klósett svo að aðstaða fyrir starfsmenn var ekki góð auk þess sem húsnæðið var orðið of stórt í ljósi þess hvað umfang safnkosts hefur minnkað vegna grisjunar.

Keypt var nýtt varðveisluhúsnæði á svipuðum stað og leiguhúsnæðið er, gluggalaust rými með möguleikum á því að stilla hitastigið, renna er í gólfi eftir öllu húsnæðinu komi til þess að vatn komi inn, vinnuaðstaða fyrir starfsmenn er ásættanleg, bæði er kaffistofa sem og klósett.

Það verður því verkefnið næsta árs að flytja safnkostinn og koma honum fyrir í varðveisluhúsnæði sem betur hentar safnkostinum, þó á hættusvæði sé.

Nýtt safnasvæði




Starfshópur sem ætlað var að gera tillögur um flutning sögulegra húsa á Seyðisfirði eftir skriðuföllin lagði til að nýtt safnasvæði verði við Lónsleiru og að bryggjuhúsið Angró yrði flutt þangað. Stjórn sem og vinnuhópur um stefnumótun safnsins ræddi þessar hugmyndir grannt og skoðaði kosti þeirra og galla. Þar var stórt mál að með þessum hugmyndum yrði Gamla símstöðin / Wathnehúsið ekki hluti af húsakosti safnsins til framtíðar, með þeirri sterku sögulegu tengingu sem það hús hefur við starfsemi og umfjöllunarefni safnsins. Þó var sá póll tekinn að stefnt skyldi að nýju safnasvæði við Lónsleiru þar sem Angró myndi rísa á ný auk nýbyggingar. Arkitektarnir Gunnlaugur Björn hjá Gingi teiknistofa og Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkibýgg voru fengin til verksins auk verkfræðistofunnar Verkráð.



Arkitektarnir komu með fram fyrstu hugmynd sem snýr að því að við hlið Angró muni rísa hús sem tekur mið af Gömlu skipasmíðastöðinni sem gjöreyðilagðist í skriðunni stóru en rými væri einnig á lóðinni fyrir frekari uppbyggingu þegar fram í sækir.

Í áætlunum safnsins framan af ári var gert ráð fyrir að fyrsta skref væri að ráðast í nýbyggingu en ríkið/Múlaþing myndi annast flutning á Angró og afhenda safninu að því

loknu. En skjótt skipast veður í lofti, í september gerði á landinu aftakaveður með miklu hvasuviðri. Afleiðingar þess urðu að fyrrnefnt Angró, sem hafði orðið fyrir skemmdum í skriðuföllunum af völdum flóðbylgju sem skall á því, hrundi og ráðast þurfti í bráðaáðgerðir til að forða



frekari tjóni á því og einnig að koma í veg fyrir hættu sem af því stafaði. Þegar þessi orð eru skrifuð um miðjan nóvember hefur safnið sent inn erindi til Múlapings um að það fái niðurtekna við hússins afhenta auk fjárframlags sem ætlað er til flutnings húsa og annist sjálft endurbyggingu þess. Enn er beðið svara sveitarfélagsins um hvernig þau mál þróast.

LOKAORÐ

Árið 2022 hefur verið annað sérstakt ár í starfsemi Tækniminjasafns Austurlands, þar sem áskoranir og verkefni eru fjölmörg en um leið er kraftur og metnaður í starfsfólki sem lætur ekki deigan síga. Það og stjórnendur safnsins sjá mikla möguleika í því að á Seyðisfirði verði til framúrskarandi safn með líflega og fjölbreytta dagskrá sem auðgar seyðfirskt og austfirskt samfélag en um leið verði til fjölsóttur ferðamannastaður.

Helstu verkefnið ársins 2023 verða að ráðast af fullum krafti í hönnun nýs safnasvæðis og undirbúa uppbyggingu þar sem og að setja upp sýninguna í Vjelasmiðjunni og opna hana fyrir gestum og gangandi.